



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 131/1787
komudagur 2.5.2005

Reykjavík 2. maí 2005
Tilv. FLE 20-2005

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Málefni: Frumvarp til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, 708. mál, verðbréfavíðskipti í minni fyrirtækjum.

Með bréfi dags. 25. apríl sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og taldi hún að ekki væri tilefni til sérstakrar umsagnar um það af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllst,
Félag löggiltra endurskoðenda


Sigurður B. Arnþórsson
formaður

Alþingi
Erindi nr. P 131/1824
komudagur 4.5.2005

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd,
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

3. maí 2005

Tilvísun: 2005040078

Efni: Umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, 708. mál

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 25. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar Fjármálaeftirlitsins um framangreint frumvarp. Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins. Hins vegar er rétt að vekja athygli á eftirfarandi sjónarmiðum vegna efnis í greinargerð með frumvarpinu:


1. Í almennum athugasemdum er vísað til þess að ný tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga geri ráð fyrir því að settar verði reglur um markaðstorg. Fjármálaeftirlitið áréttar að frumvarpið felur ekki í sér innleiðingu á reglum tilskipunarinnar um "markaðstorg" (MTF), nema að hluta til. Fyrirséð er að huga verður að endurskoðun þeirra reglna sem frumvarpið gerir ráð fyrir við innleiðingu tilskipunarinnar.
2. Í almennum athugasemdum segir að með frumvarpinu séu lagðar til reglur um markaði með bréf sem ekki hafa verið skráð á skipulegum markaði. Frumvarpið geri ráð fyrir að komið verði skipulagi á viðskipti sem nú fara fram utan markaða. Með setningu reglna um þennan hluta markaðarins, sem nú lúti ekki sérstökum reglum, sé öryggi í starfsemi slíkra markaða betur tryggt. Fjármálaeftirlitið telur rétt að vekja athygli á því að eftir sem áður verður heimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga utan markaða.
3. Í almennum athugasemdum er ennfremur rætt um samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja sem reka verðbréfamarkaði gagnvart erlendum mörkuðum betri, sem og samkeppnisstaða innlendra fyrirtækja í leit að fjármagni. Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að engar upplýsingar liggja fyrir um starfsemi slíkra markaða í nágrenni Íslands, utan þess að getið hefur verið um AIM-verðbréfamarkaðinn í London. Vakin er athygli á því að í drögum að frumvarpi til laga um slíka starfsemi í Danmörku hefur verið gert ráð fyrir að reglur um flöggun, yfirtökuskyldu og upplýsingaskyldu gildi fullum fetum um starfsemi markaðstorga. Við innleiðingu framangreindrar tilskipunar um

FJÁRMÁLAÆFTIRLITID


fjármálagerninga er nauðsynlegt, að mati Fjármálaeftirlitsins, að tekið verði til gaumgæfilegrar skoðunar hvort rétt sé að umræddar reglur gildi einnig um viðskipti með fjármálagerninga á íslenskum markaðstorgum. Við þá skoðun verði m.a. litið til þess hvernig löggjöf um markaðstorg verður hagað í nágrennaríkjunum.

Virðingarfyllt,


FJÁRMÁLAÆFTIRLITID



Páll Gunnar Pálsson



Hlynur Jónsson



KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. P 131/1776
komudagur 2.5.2005

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 02.05.2005
Tilvísun 111
RBJ

Efni: Umsögn um brtt. á lögum nr. 34/1998, mál 708

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 25. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Kauphallar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða nr. 34/1998 með síðari breytingum, mál 708, verðbréfavíðskipti í minni fyrirtækjum.

Kauphöllin styður frumvarpið og fagnar framtaki iðnaðar- og viðskiptaráðherra í þessu máli. Núgildandi ákvæði laga 34/1998 veita ekki svigrúm til að markaðstorg sé starfrækt. Kauphöllin tekur undir sjónarmið að baki frumvarpinu um að þörf sé fyrir hendi að opna fyrir aðgengi sprotafyrirtækja og fyrirtækja í örum vexti að áhættufjármagni með því að gera þeim kleift að skrá hlutabréf sín á markaðstorg.

Kauphöllin telur grundvallaratriði að mál þetta hljóti afgreiðslu fyrir lok þessa þings. Að öðrum kosti verður ekki mögulegt að starfrækja markaðstorg fyrr en í fyrsta lagi á næsta ári þar sem að lagaheimildir eru ekki fullnægjandi í dag til starfrækslu markaðar af þessu tagi. Þegar liggur fyrir sambærilegt lagafrumvarp í Danmörku og er fyrirhugað að markaðstorg verði sett á laggirnar þar í haust, í Noregi, Írlandi og jafnvel fleiri ríkjum. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er fyrir starfandi markaðstorg í Bretlandi (AIM markaðurinn). Frumvarpið felur einnig í sér að innleidd verða ákvæði í tilskipun um markaði með fjármálagerninga nr. 2004/39/EB.

Kauphöllin áskilur sér rétt til frekari athugasemda á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Ragnar Þ. Jónasson,
forstöðumaður lögfræðisviðs.

Alþingi
Erindi nr. P 131/1794
komudagur 3. 5. 2005

Nefndasvið Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2005.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, með síðari breytingum – 131. löggjafarþing 2004-2005, þskj. 1066 – 708. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar og lætur í té eftirfarandi umsögn.

Í frumvarpinu er Fjármálaeftirlitinu veitt heimild til að veita fjármálafyrirtæki sem hefur leyfi til verðbréfavíðskipta eða skipulegum verðbréfamarkaði starfsleyfi til að starfrækja markaðstorg þar sem fram fara kerfisbundin víðskipti með verðbréf sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Í frumvarpinu koma fram reglur um starfsemi slíkra markaðstorga, þ.m.t. ábyrgð stjórnar markaðstorgs á því að setja reglur um starfsemi þess. Við mótnun reglna frumvarpsins er höfð hliðsjón af reglum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga sem fjallar um markaðstorg.

Markmiðið með frumvarpinu er að koma á fót vettvangi fyrir víðskipti með verðbréf í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Nokkrar ástæður eru nefndar fyrir því að settar séu reglur um þessa tegund markaða.

Laganefndin telur að það sé til bóta að settar séu í lög reglur sem gilda um víðskipti með verðbréf sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Laganefndin bendir hins vegar á að með skráningu fyrirtækis á markaðstorgi þá verður víðkomandi fyrirtæki útboðsskyld á grundvelli ákvæða IV. kafla verðbréfavíðskiptalaga nr. 33/2003 um almenn útboð, enda geti fyrirtækið ekki reitt sig á einhverja af þeim undanþágum sem þar koma fram. Samkvæmt gildandi lögum verður ekki betur séð en að útboðsskylda verði virk um leið og víðskipti hefjast með bréf víðkomandi fyrirtækis á markaðstorgi. Ekki er með beinum hætti fjallað um þessa afleiðingu skráningar á markaðstorgi í frumvarpinu, og telur Laganefndin mikilvægt að hugað sé að samspili reglna verðbréfavíðskiptalaga og kauphallalaga í þessu sambandi.

Að öðru leyti gerir nefndin ekki sérstakar athugasemdir við efni ofangreinds frumvarps.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. apríl 2005 2005040298


Með bréfi dags. 25. apríl 2005 óskar Efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn embættisins um frumvarp til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, 708. mál.

Þótt frumvarpið fjalli í sjálfu sér ekki um skattlagningu getur það snert ákveðna þætti í skattframkvæmd og leyfir ríkisskattstjóri sér að vekja athygli á eftirfarandi atriðum.

All víða í skattalögunum er vísað til markaðsverðs eða gangsverðs einkum við útreikning á söluhagnaði og við mat á viðskiptum milli tengdra aðila. Tekur það m.a. til mats á hlutabréfum og öðrum verðbréfum með tilliti til markaðsverðs eða gangsverð þeirra. Má í því sambandi benda á 9. og 57. gr. laga nr. 90/2003 auk þess sem mat á verðbréfum getur reynt samkvæmt fjölmörgum öðrum greinum þeirra laga. Með tilkomu markaðstorga þar sem fram fara kerfisbundin viðskipti með verðbréf sem ekki eru skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði má ætla að forsendur til að meta verðgildi hlutabréfa og annarra verðbréfa með hliðsjón af markaðsverði eða gangverði muni batna. Ætti það að auðvelda úrslausn álitamála á þessum vettvangi.

Samkvæmt 92. gr. framangreindra laga um tekjuskatt hvílir sú skylda á þeim stofnunum sem frumvarpið tekur til að skila skattyfirvöldum upplýsingum um kaup og sölu, umboðsviðskipti eða aðra umsýslu með hlutabréf. Mun það að sjálfsögðu einnig taka til þeirra viðskipta sem framboð á markaðstorgi. Fastmótað skipulag viðskipta með óskráð verðbréf ætti að auðvelda þessum stofnunum skil á lögbundnum upplýsingum til skattyfirvalda og bæta áreiðanleika þeirra en verulega skortir nú á að upplýsingarmiðlun þessi sé í lagi og sterkar vísbendingar eru um að miklar tekjur séu ekki taldar fram og ekki er unnt að hafa eftirlit með því vegna skorts á upplýsingum þeirra sem selja eða hafa milligöngu um slíka sölu.

Virðingarfyllt

Indriði H. Þorláksson
ríkisskattstjóri

2. maí 2005

Alþingi,
Efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á kauphallarlögum (708. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 25. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

SBV gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

SBV ítreka hins vegar áherslur sínar frá fundi með hagsmunaaðilum í viðskiptaráðuneyti á vinnustigum málsins þar sem fram kom mikilvægi þess að framkvæmd slíks markaðstorgs verði þannig að viðskipti á torginu gangi sem greiðlegast fyrir sig á sama tíma og grunn fjárfestavernd sé tryggð. SBV telja að fyrirbyggjandi frumvarp mæti þessu.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
frankvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. **P** 131/1792
komudagur 3.5. 2005



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Reykjavík, 2. maí 2005

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, með síðari breytingum, 708. mál.

Samtök iðnaðarins styðja að ofangreint frumvarp verði að lögum.

Fjármagn er ein helsta forsenda þess að fyrirtæki komist á legg og þar með fyrir vexti og viðgangi atvinnulífsins.

Nýsköpunar- og sprotafyrirtæki eiga oftast en ekki erfitt með að nálgast áhættufjármagn af ýmsum ástæðum. Virkt markaðstorg af því tagi sem hér er lagt til að verði sett á fót getur verið til þess fallið, ef vel tekst til, að bæta að einhverju marki úr þeim vanda.

Mikilvægt er að búa þannig um hnúta að reglur þær sem verða settar um viðskipti og skráningu á torginu verði einfaldar og skilvirkar svo lítil fyrirtæki geti skráð sig á torginu án þess að sligast undan þeim kröfum sem gerðar verða til þeirra. Sjálfsagt og eðlilegt er að tryggja lágmarksupplýsingar fyrir fjárfesta og að fulls jafnræðis sé gætt milli þeirra.

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að haft verði náið samráð við hagsmunaaðila um nánari útfærslu þessa máls, ekki síst þau fyrirtæki sem markaðstorgið er hugsað fyrir.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 131/1793
komudagur 3.S. 2005

2. maí 2005
SI-22258

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Með bréfi dags. 25. apríl 2005 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, 708. mál, verðbréfavíðskipti í minni fyrirtækjum.

Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða nr. 34/1998 til að kveða á um starfsemi markaðstorga fyrir fjármálagerninga. Slíkum mörkuðum, sem ekki eru skipulegir verðbréfamarkaðir í skilningi laga, er ætlað að örva víðskipti með verðbréf í minni fyrirtækjum. Við gerð frumvarpsins var horft til þess að á næsta ári þarf að innleiða tilskipun 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga sem fjallar m.a. um "multilateral trading facility (MTF)".

Markmið frumvarpsins er að koma á fót vettvangi fyrir víðskipti með verðbréf í smáum og meðalstórum fyrirtækjum og einnig svonefndum sprotafyrirtækjum. Jafnframt má segja að verið sé að undirbúa innleiðingu ofangreindrar tilskipunar en ekki liggur endanlega fyrir hvernig hún verður innleidd. Í frumvarpinu eru markaðstorgum veitt lagaleg staða við hlið skipulegra verðbréfamarkaða og stjórnnum þeirra veittar heimildir til setningar reglna og nánari útfærslu. Mikilvægt öryggisatriði er að Fjármálaeftirlitið veitir starfsleyfi, getur afturkallað það og hefur eftirlit með starfseminni með sama hætti og það hefur nú með skipulegum verðbréfamörkuðum.

Seðlabanki Íslands lýsir yfir skilningi á þeim markmiðum sem fram koma í greinargerð frumvarpsins, telur að frumvarpið renni frekari stöðum undir virkni og öryggi verðbréfamarkaðar og styður samþykki þess.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Eiríkur Guðnason
bankastjóri


Tryggvi Pálsson
framkvæmdastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 131/1795
komudagur 3.5.2005

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík




VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

Reykjavík, 2. maí 2005.

Efni: Frv. til br. á l. nr. 34/1998, markaðstorg (708. mál).

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,



Sigbrúður Ármann.